



Tillögur stjórnar HSV fyrir ársþing HSV 2019

Tillaga nr. þingskjal nr.

Þakkartillögur

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.
- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarfélaga HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.
- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarfélaga HSV.
- Starfsmönnum Sjúkraþjálfunar Vestfjarða fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglunga.

Tillaga nr. þingskjal nr.

Hvatningartillögur

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:

- Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.
- Til aðildarfélaga um að fjölmenna á landsmót UMFÍ 50+ á Neskaupsstað í lok júní og á Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Höfn í Hornafirði í byrjun ágúst.
- Til aðildarfélaga sambandsins um að beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna hjá félagsmönnum sínum. Sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Á meðan að það er vöntun á rannsóknum á skaðsemi rafsígarettu ætti að takmarka notkun þeirra við sömu svæði og reykingar.



Tillaga nr. þingskjal nr.

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir að vísa eftirfarandi félögum úr HSV vegna vanhalda á skýrsluskilum:

Hnefaleikafélag Ísafjarðar
Knattspyrnufélagið Ernir
Kraftlyftingafélagið Víkingur
Reynir Hnífsdal
Ungmennafélag Mýrahrepps
Ungmennafélagið Vorblómið
Ungmennafélagið Önunður

Greinagerð:

Í 5. grein laga HSV segir:

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglingastarfi.

Aðildarfélög skuli skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags.

*Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV. **Að auki getur ársþing HSV tekið ákvörðun um að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.***

Félag sem fellt hefur verið úr sambandinu getur óskað eftir aðild að HSV að nýju. Skal þá fara með umsóknina samkvæmt 3. grein þessara laga, að undanskilinni kröfu um framlagningu stofnfélagaskrár.

Þar sem ofantalin félög hafa ekki sinnt skýrsluskilum samkvæmt lögum HSV og flest ekki verið með starfsemi í áratugi er hér gerð tillaga um að vísa þeim úr HSV. Starfsemi HSV miðast við félög sem eru starfandi og sinna þeim kvöðum sem lög og reglur setja þeim. ÍSÍ hefur lagt aukna áherslu á að ofangreint lagaákvæði sé virkt hjá héraðssamböndum og íþróttabandalögum svo ekki safnist upp félög með enga starfsemi.



Tillaga nr. Þingskjal nr.

19. ársþing HSV haldið á Ísafirði 15. maí 2019, samþykkir eftirfarandi stefnur og áætlanir HSV:

- Félagsmálastefna HSV
- Fræðslu- og forvarnarstefna HSV
- Umhverfisstefna HSV
- Jafnréttisáætlun HSV
- Viðbragðsáætlun HSV

Greinagerð:

Á síðasta ársþingi var samþykkt tillaga stjórnar HSV um að sambandið öðlist gæðavottun íþróttahreyfingarinnar og gerist fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Til að gerast fyrirmyndarhérað þarf HSV að sýna að það geri raunhæfar kröfur í sínu starfi hvað varðar gæði og innihald. Þessar stefnur og áætlanir eru hluti af því starfi sem unnið hefur verið til að uppfylla skilyrði sem sett eru fyrir fyrirmyndarhéruð. Aðildarfélög HSV geta síðan nýtt sér þessar stefnur og áætlanir í sínu starfi.